

Föstudaginn 17. maí 1991.

Nr. 133/1990. **J. Hinriksson hf.**

gegn

Bönunum hf.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1990. Áfrýjað er dómi bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 27. desember 1989. Málið var þingfest í Hæstarétti 2. maí 1990, og fékk áfrýjandi þá frest til október 1990. Málinu var síðan að hans ósk frestað til desember s.á., þá til febrúar 1991, þá til mars s.á. og þá enn til reglulegs þingdags í maí. Er málið kom fyrir 3. þessa mánaðar, óskaði áfrýjandi eftir fresti til október 1991 til ágrípsgerðar.

Stefndi mótmælti frestbeiðninni og krafðist þess, að málinu yrði vísað frá Hæstarétti. Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mótmæli sín styður stefndi þeim rökum, að áfrýjandi hafi haft nægan tíma til þess að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti.

Af hálfu áfrýjanda hefur komið fram, að annar lögmaður en fyrr hafði um málið fjallað tók við því í desember 1990. Samkvæmt vottorði yfirborgardómarans í Reykjavík 6. maí 1991 var óskað dómsgerða í málinu 14. desember 1990. Í vottorðinu kemur fram, að dómsgerðir verði tilbúnar í síðasta lagi 13. maí 1991.

Hinn 3. maí 1991 voru liðnir rúmir 13 mánuðir frá útgáfu áfrýjunarstefnu í málinu. Verður að fallast á það með stefnda, að áfrýjandi hafi þegar haft ærinn frest til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti. Þykja því ekki efni til, gegn andmælum stefnda, að veita frekari frest í málinu. Ber því að synja frestbeiðni áfrýjanda og vísa málinu frá Hæstarétti.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða Bönunum hf. málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, J. Hinriksson hf., greiði stefnda, Bönunum hf.,
15.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.
